

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Ég er búsettur í Keflavík og sæki vinnu til Reykjavíkur. Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík en við hjónin tókum þá ákvörðun að flytja út fyrir sökum þess að okkur vantaði stærra húsnæði undir stóra fjölskyldu (4 börn). Vegna mjög hækkandi fasteignaverðs höfðum við ekki efni á að kaupa stærra í Rvk og því var þetta lausnin. Ég sé þessi veggjöld sem beinan aukaskatt á mig og mína fjölskyldu. Bæði vegna þess að ég keyri Reykjanesbrautina svo gott sem daglega til vinnu svo er okkar vinir og vandamenn í miklu falli í Rvk. Afhverju er ekki bara rukkað líka inn í mismunandi hverfi í Rvk til að gæta sanngirni??

Rökin sem vísað er í núna varðandi orkuskipti og rafbílavæðingu.... Nú er verið að rukka þvílíka bensínskatta og tilheyrandi endalaus skatta í bílaeigendur. Væri ekki í fyrsta lagi réttast að rafbílaeigendur myndu borga VSK og tolla eins og allir hinir. Afhverju á ég að borga undir þau. Ég er með stóra fjölskyldu og þarf stórann bíl. Þeir eru ekki til í dag á viðráðanlegu verði rafvæddir. Ég VERÐ að kaupa bensín/dísel bíl. Nú er síðan bæjarstjóri Rvk hann Dagur blessaður og tala um honum finnst nú sanngjarnt að við þau sem sækjum vinnu til Reykjavíkur myndu nú borga eitthvað (þá í formi skatta) til viðhalds á götum borgarinnar viðhalds sem borgin er ekki með neinu móti að sinna heldur. Hann getur síðan farið offorsi í eyðslu í bragga og pálmatré.

Nú er þó nokkuð mikið að skila sé inn í kassann í formi opinberra gjalda. Í fyrra 2018 voru innheimtir 73 milljarðar en ekki fóru nema 21 milljarður í vegakerfið!!! Mér verður bókstaflega óglatt af þessum tölum sérstaklega þegar á síðan að fara skattlega mig á ósanngjarnan hátt þegar allt hitt sem ég er rukkaður um fer ekki á þá staði sem þeir eiga að gera! Hvernig veit ég svo hvort að þessi peningar verði síðan nýttir eins og þeir eiga vera nýttir þegar allt er ekki nýtt eins og þá að vera nýtt! Ég tel mig hafa greitt mitt nú þegar til gatnagerða!

Á öllum þeim stöðum í heiminum sem veggjöld eru sett hefur það verið gert þegar aðrar leiðir eru í boði. Hér er ekki svo! Mér finnst þessi hugmynd um veggjöld garga ójafnræði gegn búsetu í alla staði. Það liggur við að hægt væri kæra þetta jafnréttindadómstóls Evrópu eða hvað það nú heitir! Ég er ekki nóg með það öryrki sem er enn í fullri vinnu sem betur fer. Ég hins vegar get varla farið nálægt miðbænum þar sem hvergi er hægt að komast að lengur og fá stæði ekki get ég labbað þetta eins og hinir með mína talsvert skertu göngugetu. Fer varla í kringluna.

Ég ætla að hætta núna reyna að halda mig á kurteisunótunum varðandi þessa fásinnu frá okkar háttvirtu alþingismönnum!

Undirritað: Atli Gylfason. Kt: 130678-5219